

Mánaðaryfirlit
2017

fjs

Ágúst



Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessi lög taka við af lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem hafa gilt um reikningsskilin frá árinu 1998. Í 60. gr. laganna er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjársýslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu. Þá er í greinargerð með lögunum vísað í að þetta uppgjör eigi að vera með sambærilegum hætti og gert hefur verið undanfarin ár samanber 40.gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Með lögum um opinber fjármál er verið að gera grundvallarbreytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá er jafnframt verið að gera breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér breytta framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 er fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir ríkissjóð í heild og ársreikningalögum fyrir einstaka stofnanir. Innleiðingu á breyttum reikningsskilum er ekki lokið, en gert er ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjú ár. Nú er gefið út yfirlit fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2017 í nýrri framsetningu en þetta yfirlit verður í þróun yfir árið 2017 eftir því sem innleiðingunni vindur fram til að það þjóni hlutverki sínu sem best.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðsstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu
- Lánayfirlit

Mánaðaryfirlit ríkissjóðs fyrir janúar – ágúst 2017 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og þeirra gjalda sem búið er að gjaldfæra. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlíð, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Jafnframt er búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári og kemur hún að fullu inn í byrjun árs en er ekki dreift yfir árið. Ónýttar fjárveitingar nema samtals 19,6 milljörðum króna. Ljóst er að einhverjir fjárlagaliðir gera ráð fyrir að nýta ónýttar fjárveitingar frá fyrra árum og aðrar gera ráð fyrir að greiða upp halla.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja ekki fyrir en í þeim er meðal annars gert ráð fyrir að færa upp varanlega rekstrarfjármuni og orlofskuldbindingu. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni hjá um 160 stofnunum og byrjað að gjaldfæra afskriftir á eldri eignum. Ekki er búið að færa inn stærri eignir ríkissjóðs og eru minni fjárfestingar ársins að stórum hluta til enn gjaldfærðar til samræmis við meðhöndlun fjárveitinga. Sú meðhöndlun breytist síðar á árinu og verður áætlunum þá breytt til samræmis. Ekki er farið að færa eignarhluti í félögum samkvæmt hlutdeildaraðferð. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017–2019 og er því ekki gert ráð fyrir að áhrifin verði að fullu komin inn fyrr en í lok árs 2019. Þó má gera ráð fyrir að stór hluti verði inni í ríkisreikning fyrir árið 2017. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu en ekki er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna í þeim yfirlitum sem hér eru birt nema að takmörkuðu leyti.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 27,7 ma.kr. samanborett áætlun upp á jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 15,0 ma.kr. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 499,1 ma.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 495,1 ma.kr. og voru því 4,0 ma.kr. hærri. Mest munar þar um tekjuskatt einstaklinga sem var 3,9 ma.kr. yfir áætlunum og tekjur af virðisaukaskatti sem var 8,3 ma.kr. hærri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Á móti var tekjuskattur lögaðila 2,5 ma.kr. undir áætlunum og skattar á fjármagnstekjur 6,5 ma.kr. lægri en áætlanir. Tekjur vegna sölu á vöru og þjónustu og rekstrartekjur stofnana voru samtals 5,3 ma.kr. hærri en áætlað hafði verið en rekstrartekjur stofnana eru að töluverðu leyti innbyrðisfærslur og eiga sér þá mótfærslu á gjaldahlíð. Frekari greining á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 449,9 ma.kr. á meðan heildarfjárheimildir tímabilsins námu 463,6 ma.kr. og voru þau því 13,7 ma.kr. innan heimilda. Af þessum heimildum voru 19,6 ma.kr. hreinar ónýttar fjárveitingar frá fyrra ári og útgjöld tímabilsins því um 5,9 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga. Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu nettó 21,4 ma.kr. en gert hafði verið ráð fyrir að þessi tala næmi um 16,5 ma.kr. eða 5,0 ma.kr. verri staða. Þetta skýrist að mestu leyti með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var jákvætt um 42,5 ma.kr. á tímabilinu þar sem innstreymi nam 529,5 ma.kr. og útstreymi 487,0 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar á tímabilinu og nam innstreymi vegna þeirra 49,5 ma.kr. þar sem greiddar afborganir af langtímakröfum námu 55,2 ma.kr. Hreint útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 221,6 ma.kr. þar sem afborganir af langtímaskuldum námu 218,4 ma.kr. og lækkaði staða á handbæru fé um 129,5 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefnasviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefnasviða þar sem horft er á útgjöld að frádregnum tekjum stofnana. Niðurstaða þessa yfirlits er að útgjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 463,7 ma.kr. samanborett við áætlun að fjárhæð 478,3 ma.kr. og eru því um 14,6 ma.kr. lægri en áætlanir. Þegar fjárveitingar frá fyrra ári eru teknar út eru útgjöldin samtals 5,1 ma.kr. umfram heimildir fjárlaga. Mest munar um stöðu á málefnasvið 33, Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar sem er 9,0 ma.kr. yfir áætlunum sem skýrist að mestu með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni. Frávik annarra málefnasviða eru töluvert minni. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur,

fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan hagræna skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur í þessu yfirliti enda munu þær breytingar sem verið er að innleiða hafa mest áhrif á hann og mun hann því taka miklum breytingum. Í yfirliti 7 er hins vegar að finna yfirlit yfir hreyfingar á lánum ríkissjóðs.

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - ágúst 2017

Yfirlit 1 - Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Tekjur			
Skatttekjur	395.744	392.235	3.509
Tryggingagjöld	57.598	58.494	-896
Fjárframlög	0	2.385	-2.385
Aðrar tekjur	7.799	13.251	-5.452
Tekjur stofnana	37.954	28.689	9.266
Tekjur samtals	499.095	495.054	4.041
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	136.163	134.968	1.194
Framlög og tilfærslur	195.518	201.457	-5.939
Annar rekstrarkostnaður	116.240	124.175	-7.935
Afskriftir	1.985	2.965	-980
Gjöld samtals	449.906	463.565	-13.659
Tekjur umfram gjöld	49.189	31.488	17.701
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Arðgreiðslur, vaxtatekjur og verðbætur	30.299	26.945	3.354
Vaxtagjöld og verðbætur	-51.747	-43.407	-8.341
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-21.448	-16.461	-4.986
Tekjujöfnuður	27.741	15.027	12.714

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - ágúst 2017

Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun
Handbært fé frá rekstri	
Skatttekjur	395.744
Tryggingagjöld	57.598
Aðrar tekjur	7.799
Tekjur stofnana	37.954
Vaxtatekjur	30.299
Birgðabreyting	-143
Viðskiptakröfur, breyting	284
Innheimta	529.535
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	-252.403
Fjármagnskostnaður	-51.747
Framlög og tilfærslur	-195.518
Viðskiptaskuldir, breyting	12.619
Greiðslur	-487.049
Handbært fé frá rekstri samtals	42.486
Fjárfestingarhreyfingar	
Fjárfesting	-3.436
Veitt löng lán	-1.679
Afborganir af langtímakröfum	55.189
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum	-529
Sala hlutabréfa og eignarluta	0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	49.545
Fjármögnunarhreyfingar	
Skammtímaskuldir, nettó	-30.245
Langtímaskuldir	27.133
Afborganir af langtímaskuldum	-218.441
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-221.553
Breyting á handbæru fé	-129.523

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - ágúst 2017

Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Skatttekjur og tryggingagjöld	453.341	450.729	2.612
Skattar á tekjur og hagnað	177.546	182.698	-5.152
Tekjuskattur, einstaklingar	105.061	101.155	3.906
Tekjuskattur, lögaðilar	38.021	40.553	-2.532
Skattur á fjármagnstekjur	34.463	40.991	-6.527
Skattar á launagr. og vinnuafll	5.293	5.144	150
Fjársýsluskattur	2.055	1.991	63
Annað	3.239	3.152	86
Eignarskattar	6.095	5.447	649
Stimpilgjöld	2.969	3.217	-248
Erfðafjárskattur	2.380	1.861	519
Aðrir eignarskattar	746	368	378
Skattar á vöru og þjónustu	198.588	191.275	7.313
Virðisaukaskattur	142.946	134.662	8.284
Vörugjöld af ökutækjum	6.858	5.790	1.068
Vörugjöld af bensíni	8.287	8.703	-415
Olíugjald	6.719	6.106	613
Kolefnisgjald	2.401	2.647	-246
Áfengisgjald	11.706	11.512	194
Tóbaksgjald	4.054	4.468	-414
Vörugjald, umhverfisskattar	2.717	2.477	240
Önnur vörugjöld	660	1.253	-593
Sértækir þjónustuskattar	4.555	4.435	120
Bifreiðagjald	6.942	6.848	94
Aðrir neyslu og leyfisskattar	742	2.373	-1.631
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.862	1.835	1.027
Aðrir skattar	5.359	5.837	-478
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	2.110	2.043	67
Útvarpsgjald	2.211	2.108	103
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0	232	-232
Ýmsir skattar á atvinnurekstur	1.038	1.454	-416

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Tryggingagjöld	57.598	58.494	-896
Tryggingagjald almennt	39.035	39.898	-863
Fæðingaorlofssjóður	5.779	5.830	-51
Atvinnutryggingagjald	12.183	12.116	68
Önnur tryggingagjöld	601	650	-50
Fjárframlög	0	2.385	-2.385
Fjármagnstekjur	30.299	26.945	3.354
Dráttarvextir af skatttekjum	3.000	3.067	-67
Aðrar vaxtatekjur	3.521	7.691	-4.170
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum	23.778	16.188	7.591
Aðrar tekjur	6.546	12.808	-6.262
Veiðigjald	2.718	3.025	-307
Leigutekjur	3	1.222	-1.219
Sala á vöru og þjónustu	1.736	5.652	-3.917
Sektir og skaðabætur	1.231	1.353	-123
Stöðugleikaframlög	745	65	681
Ýmsar og óskilgreindar tekjur	112	1.490	-1.377
Sala eigna	1.253	443	810
Tekjur stofnana	37.954	28.689	9.266
Tekjur samtals	529.394	521.999	7.395

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - ágúst 2017



Yfirlit 4 – Málefнасvið, kostnaður að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Aætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
Málefnasvið samtals	463.699	458.635	5.064	1%	19.648	-14.584	-3%
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	2.853	3.311	-458	-14%	314	-771	-21%
02 Dómstólar	1.501	1.536	-35	-2%	0	-35	-2%
03 Æðsta stjórnýsla	1.279	1.152	127	11%	98	30	2%
04 Utanríkismál	8.076	8.559	-483	-6%	961	-1.443	-15%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	8.154	8.800	-646	-7%	1.537	-2.182	-21%
06 Grunnskrár og upplýsingamál	1.624	1.772	-148	-8%	125	-273	-14%
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	7.887	7.419	468	6%	1.747	-1.279	-14%
08 Sveitarfélög og byggðamál	12.238	12.850	-612	-5%	389	-1.000	-8%
09 Almanna- og réttaröryggi	13.719	14.343	-624	-4%	303	-927	-6%
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála	9.880	7.988	1.893	24%	47	1.845	23%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	21.117	20.261	855	4%	2.718	-1.863	-8%
12 Landbúnaðarmál	10.155	10.266	-111	-1%	295	-406	-4%
13 Sjávarútvegur	3.001	2.602	399	15%	1.193	-794	-21%
14 Ferðapjónusta	1.417	1.032	385	37%	329	55	4%
15 Orku- og eldsneytismál	2.348	2.131	217	10%	68	149	7%
16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar	256	1.019	-763	-75%	211	-974	-79%
17 Umhverfismál	8.147	8.080	66	1%	3.498	-3.432	-30%
18 Menning og listir	6.364	6.535	-172	-3%	534	-706	-10%
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál	3.186	3.200	-14	0%	11	-25	-1%
20 Framhaldsskólastig	17.468	18.346	-878	-5%	987	-1.865	-10%
21 Háskólastig	21.637	23.991	-2.355	-10%	649	-3.003	-12%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	2.920	2.992	-72	-2%	-47	-25	-1%

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
23 Sjúkrahúsþjónusta	48.628	49.286	-658	-1%	1.221	-1.878	-4%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	25.571	26.403	-832	-3%	844	-1.676	-6%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	26.916	27.264	-347	-1%	1.108	-1.455	-5%
26 Lyf og lækningavörur	12.935	11.311	1.624	14%	0	1.624	14%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	33.828	31.819	2.009	6%	4	2.005	6%
28 Málefni aldraðra	45.072	45.271	-199	0%	0	-199	0%
29 Fjölskyldumál	19.570	20.827	-1.257	-6%	-244	-1.012	-5%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	10.037	10.028	9	0%	158	-149	-1%
31 Húsnæðisstuðningur	8.515	9.768	-1.253	-13%	448	-1.701	-17%
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	4.187	4.237	-50	-1%	142	-192	-4%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	63.212	54.239	8.974	17%	0	8.974	17%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	0	0	0		0	0	

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - ágúst 2017

Yfirlit 5 - Málefнасvið yfirlit 2



Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
Málefнасvið samtals	288.785	185.890	9.624	17.354	-37.954	463.699	458.635	478.283
1 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	2.843	57	0	35	-82	2.853	3.311	3.624
2 Dómstólar	1.501	0	0	0	-1	1.501	1.536	1.536
3 Æðsta stjórnarsýsla	1.265	26	0	0	-12	1.279	1.152	1.250
4 Utanríkismál	4.906	4.209	0	10	-1.048	8.076	8.559	9.520
5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	12.990	388	0	724	-5.947	8.154	8.800	10.337
6 Grunnskrár og upplýsingamál	2.309	5	0	0	-689	1.624	1.772	1.898
7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	1.065	1.225	6.243	62	-708	7.887	7.419	9.165
8 Sveitarfélög og byggðamál	25	12.213	0	0	0	12.238	12.850	13.238
9 Almanna- og réttaröryggi	15.293	303	0	24	-1.902	13.719	14.343	14.646
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála	7.850	2.304	21	0	-294	9.880	7.988	8.035
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	6.448	2.322	708	12.688	-1.050	21.117	20.261	22.979
12 Landbúnaðarmál	1.085	9.302	0	0	-232	10.155	10.266	10.560
13 Sjávarútvegur	3.381	309	221	1	-911	3.001	2.602	3.796
14 Ferðaþjónusta	308	471	646	9	-17	1.417	1.032	1.361
15 Orku- og eldsneytismál	411	2.036	0	0	-99	2.348	2.131	2.199
16 Markaðseftirlit og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar	2.448	119	0	0	-2.311	256	1.019	1.230
17 Umhverfismál	7.090	1.918	923	351	-2.135	8.147	8.080	11.578
18 Menning og listir	4.822	2.239	212	19	-929	6.364	6.535	7.070
19 Fjölmíðlun, íþróttar- og æskulýðsmál	2.651	519	16	0	0	3.186	3.200	3.211
20 Framhaldsskólastig	16.892	1.754	0	78	-1.255	17.468	18.346	19.333

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
21 Háskólastig	19.620	7.593	0	923	-6.500	21.637	23.991	24.640
22 Önnur skólastig og stjórnslá mennta- og menningarm.	2.114	1.173	0	0	-367	2.920	2.992	2.945
23 Sjúkrahúsþjónusta	52.195	1.726	0	1.272	-6.564	48.628	49.286	50.506
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	15.008	12.114	0	1	-1.551	25.571	26.403	27.247
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	26.920	106	71	1.107	-1.287	26.916	27.264	28.371
26 Lyf og lækningavörur	4.667	8.269	0	0	-1	12.935	11.311	11.311
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	96	33.738	0	0	-6	33.828	31.819	31.823
28 Málefni aldraðra	14	45.061	0	0	-3	45.072	45.271	45.271
29 Fjölskyldumál	1.991	17.691	0	1	-112	19.570	20.827	20.583
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	2.518	8.574	0	0	-1.055	10.037	10.028	10.185
31 Húsnæðisstuðningur	136	7.768	563	49	0	8.515	9.768	10.216
32 Lýðheilsa og stjórnslá velferðarmála	4.713	360	0	0	-887	4.187	4.237	4.379
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	63.213	0	0	-0	0	63.212	54.239	54.239
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	0	0	0	0	0	0	0	0

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - ágúst 2017

Yfirlit 6 - Hagraen skipting



Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
Rekstrargjöld	288.785	276.034	12.751	283.280	5.505
Laun	124.372	119.538	4.834	124.031	342
Lífeyrisskuldbindingar	11.778	10.714	1.064	10.714	1.064
Afskriftir	1.985	2.722	-737	2.965	-980
Önnur gjöld	99.233	99.654	-421	102.164	-2.931
Fjármagnskostnaður	51.417	43.407	8.010	43.407	8.010
Rekstrartilfærslur	185.890	183.481	2.409	186.398	-508
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	57	39	18	39	18
02 Dómstólar	0	6	-6	6	-6
03 Æðsta stjórnýsla	26	43	-17	44	-18
04 Utanríkismál	4.209	3.461	748	3.931	277
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	388	496	-109	523	-135
06 Grunnskrár og upplýsingamál	5	0	5	0	5
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	1.225	904	321	1.074	151
08 Sveitarfélög og byggðamál	12.213	12.846	-633	13.235	-1.022
09 Almanna- og réttaröryggi	303	237	66	241	62
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála	2.304	2.303	0	2.303	0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	2.322	1.813	510	1.357	966
12 Landbúnaðarmál	9.302	9.419	-116	9.677	-375
13 Sjávarútvegur	309	266	43	1.122	-813
14 Ferðaþjónusta	471	236	235	199	272

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
15 Orku- og eldsneytismál	2.036	1.706	330	1.734	302
16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar	119	97	23	157	-38
17 Umhverfismál	1.918	1.922	-4	1.979	-62
18 Menning og listir	2.239	2.282	-43	2.473	-234
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál	519	564	-45	566	-47
20 Framhaldsskólastig	1.754	1.472	282	1.549	204
21 Háskólastig	7.593	8.289	-696	8.370	-777
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	1.173	1.140	34	1.194	-21
23 Sjúkrahúsþjónusta	1.726	1.310	416	1.473	253
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	12.114	11.524	590	11.524	590
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	106	-127	233	39	67
26 Lyf og lækningavörur	8.269	7.388	881	7.388	881
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	33.738	31.627	2.111	31.631	2.107
28 Málefni aldraðra	45.061	45.256	-195	45.256	-195
29 Fjölskyldumál	17.691	18.723	-1.033	18.978	-1.288
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	8.574	8.936	-362	8.949	-375
31 Húsnæðisstuðningur	7.768	8.807	-1.040	8.807	-1.040
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	360	495	-135	581	-221
Fjármagnstilfærslur	9.624	10.115	-491	15.059	-5.435
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	6.243	6.247	-4	7.710	-1.467
09 Almanna- og réttaröryggi	0	13	-13	13	-13
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála	21	0	21	0	21

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	708	546	162	1.166	-458
13 Sjávarútvegur	221	389	-167	478	-257
14 Ferðaþjónusta	646	540	106	671	-25
17 Umhverfismál	923	739	184	2.051	-1.128
18 Menning og listir	212	138	75	180	32
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál	16	16	-0	16	-0
21 Háskólastig	0	0	0	-1	1
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta	71	653	-582	1.492	-1.421
31 Húsnæðisstuðningur	563	835	-272	1.283	-720
Annað					
Fjárfestingarframlög	17.354	17.693	-339	22.235	-4.881
Gjöld samtals	501.653	487.324	14.330	506.972	-5.319

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - ágúst 2017



Yfirlit 7 - Lánayfirlit

	Árslok	Hreyfingar á árinu 2017			Ágústlok
	2016	Tekin/veitt			2017
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán	Afborgun	Endurmat	Samtals
Veitt löng lán, nettó	154.683	1.679	-55.189	357	101.530
Veitt löng lán	158.516	1.679	-55.189	357	105.363
Veitt lán til Seðlabanka Íslands					0
Veitt lán, önnur	158.516	1.679	-55.189	357	105.363
Næsta árs afborganir fl. á skammtímakröfur	-3.833				-3.833
Tekin löng lán, nettó	-1.064.049	-27.133	212.912	-5.449	-883.719
Tekin löng lán	-1.109.145	-27.133	212.912	-5.449	-928.815
Spariskírteini	-203.665	-102	490	-2.074	-205.351
Ríkisbréf	-624.983	-26.961	81.678	0	-570.266
Seðlabanki Íslands	-28.500	0	28.500	0	0
Önnur innlend lán	-50.049	-69	3.437	-495	-47.176
Erlend lán	-201.949	0	98.808	-2.879	-106.021
Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir	45.096	0			45.096

1) Eignaaukning eða skuldaminunkun = -